

| 48 7. marz | Tegund mælitækis | Upp að 30 amp. | Ársleiga í kr. | |
|---------------|---|-------------------|----------------|-----------------|
| | | | 35—75 amp. | Yfir 75 amp. |
| | Einfasa kwst.-mælar, hemilmælar og hemlar .. | 15.00 | | |
| | Þrífasa kwst.-mælar, þrífasa hemilmælar, ein- fasa frádráttarmælar, lausir | 30.00 | 45.00 | 60.00 |
| | Tvígjaldsmælar, mestumælar | 45.00 | 60.00 | 75.00 |
| | Lausar skiptiklukkur, einar sér | 15.00 | | |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækis-verðinu, og semur rafmagnsstjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

- Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun 5 krónur.
- Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 5 króna gjald á skrifstofu Rafmagnsveitunnar.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi.

Birtist gjaldskráin til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli, og fellur jafnframt því, er hún kemur til framkvæmda, úr gildi gjaldskrá um sama efni, útgefin 5. desember 1944.

Félagsmálaráðuneytið, 7. marz 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

49

12. marz

REGLUGERÐ

um öryggisútbúnað sýningarverkja við kvikmyndasýningar.

1. gr.

Minnsta breidd sýningarherbergja skal vera 3 m fyrir eina sýningarvél, ef ekkert hliðarherbergi er fyrir hendi. Sýningarherbergið skal breikka um 1,5 m fyrir hverja sýningarvél sem umfram er eina. Lengd þess skal vera svo mikil, að 1 m breitt gangrými sé aftan við hverja vél. Hæð undir loft skal vera minnst 2,5 m.

2. gr.

Í sýningarherbergi og hliðarherbergi við það, ef til er, skulu veggir, loft, gólf og hurðir ásamt körmum vera úr eldtraustu efni.

Hirzlur undir filmur, borð, bekkir og annað nauðsynlegra áhald, skal vera úr eldtraustu efni.

3. gr.

Ekkert samband má vera milli sýningarherbergis og áhorfendasals nema sýningaropin. Á því skal vera gluggi a. m. k. 0,25 m² að flatarmáli, er veit út að ber-

svæði eða ólæstum garði. Glugginn á að vera með venjulegu gleri og þannig gerður að auðvelt sé að opna hann, ef eldsvoða ber að höndum. Bannað er að hafa slár fyrir gluggum. Hurðir skulu opnast út úr sýningarherbergjum. 49
12. maí

4. gr.

Úr sýningarherbergi skal vera sérútgangur og þannig fyrir komið, að ekki stafi hætta af fyrir áhorfendur meðan þeir eru að fara út, ef eldur skyldi koma upp. Séu fleiri sýningarvélar en ein og þeim þannig komið fyrir, að þær torveldi útgang, verður að hafa aðrar dyr. Verksmiðju- og vélaeftirlit ríkisins getur, þegar sérstaklega þykir ástæða til, leyft að útgangur úr sýningarherberginu liggi í gegnum ytri forstofu, ef ómögulegt er að koma fyrir útgangi á bersvæði. Ef hafa verður stiga upp í sýningarherbergið, verður hann að vera fastur og með handriði.

5. gr.

Sýningarop og gægjur mega ekki vera meira en 150 cm² að flatarmáli og ber að loka þeim reykþétt með a. m. k. 5 mm þykkum glerrúðum. Rúðurnar skal festa í járn- eða múrramma. Komi einhver þau tæki, sem nauðsynlega krefjast stærri sýningaropa, getur Verksmiðju- og vélaeftirlit ríkisins veitt undanþágu til þess. Auk þess ber að hafa a. m. k. 2 mm þykkar járnplötur, sem á auðveldan hátt sé hægt að renna fyrir öll opin. Plötum þessum skal vera hægt að stjórna frá einum stað nálægt sýningarvél, og öðrum nálægt útgöngudyrum sýningarklefans.

6. gr.

Til lýsingar á sýningarherbergjum má aðeins nota rafmagn. Til lýsingar í sjálfri sýningarvélinni má þó nota kolbogaljós.

7. gr.

Auk lýsingar þeirrar, sem getið er í 6. gr., er stranglega bannað að hafa með höndum hvers konar opinn eld. Þá eru og tóbaksreykingar í sýningarklefa stranglega bannaðar. Til upphitunar skulu aðeins leyfðir miðstöðvarofnar eða rafmagnsofnar, sem eigi verða heitari en 80° C. Um ofna skal vera hlíf með risi að ofan, svo eigi sé hægt að leggja neitt ofan á hana.

8. gr.

Handslökkvitæki með kemisku slökkviefni, skal ávallt vera í sýningarherbergi. Enn fremur 1×1,25 asbestteppi, sem sýningarmaður getur auðveldlega gripið til sér til varnar.

9. gr.

Sýningarherbergið skal vera hægt að loftræsta vel með dragsúgi eða vélsúgi, ef þurfa þykir. Sérstök loftrás skal liggja frá ljóshúsi sýningarvélar, ef notuð eru kolbogaljós til sýningar. Ef notuð eru eirhúðuð kol eða aðrar koltegundir, er gefa frá sér eittrað loft, skal koma fyrir útbúnaði fyrir vélsúg frá ljóshúsi vélarinnar. Vatnskrani og þvottatæki skulu vera í sýningarherbergi. Starfsfólk við sýningar skal hafa aðgang að salerni nálægt sýningarherbergi.

10. gr.

Hirzlur undir filmur skulu ávallt vera úr jární eða öðru eldtraustu efni. Þær skulu hólfaðar með lóðréttum skilrúmum og sé hvert hólf hæfilega stórt fyrir eina filmspólu. Filmspólur skulu vera úr jární og stærð þeirra ekki meiri en svo, að á þær megi setja 600 m lengd af filmu. Spólurokkur má ekki vera nær sýningarvél en 1,5 m, sé hann opin.

49

12. marz

Sýningarherbergi má ekki nota til geymslu hluta. Þar mega aðeins vera filmur, sem notaðar eru sama dag til sýningar.

Fatageymsla er bönnuð í sýningarherbergi.

Í útgöngu frá sýningarherbergi má ekki geyma vörubirgðir, t. d. filmur, eða annað, sem tálmað gæti útgangi.

12. gr.

Sá einn hefur rétt til að stjórna sýningarvélum, þar sem notaðar eru „Nitrate“ eða „Cellit“ filmur, sem lokið hefur námi samkvæmt 13. gr., enda sé hann fullra 20 ára og reglusamur.

Undanþegnir ákvæði þessu eru þeir menn, sem starfa sem sýningarmenn, þegar reglugerð þessi gengur í gildi, svo og þeir, sem sýna „Etyl“ eða „Cellit“ mjófilmur sem fræðslumyndir við skóla eða aðrar menningarstofnanir, þar sem aðgangseyrir er ekki tekinn.

13. gr.

Sá, sem vill öðlast rétt til gæzlu sýningarvéla samkvæmt 1. gr., skal hafa lokið námi sem hér segir:

1. Notið verklegrar kennslu í sýningarklefa hjá manni með kennararéttindum í þeirri grein. Kennsla þessi sé í aðalatriðum um filmuna og sýningarvélina. Skýra skal fyrir nemanda hvers vegna myndin verður „lifandi“. Vekja skal athygli nemanda á eldhættu þeirri, sem ávallt stafar af filmunni. Nemandi skal æfður í allri meðferð hennar, þar á meðal viðgerð á filmunni. Fræða skal nemanda um meðferð sýningarvélarinnar, stjórn hennar, „þræðing“ og viðhald, meðferð ljósgjafa sýningarvélarinnar og „optiskra“ hluta hennar.

Nám þetta taki að minnsta kosti 500 kennslustundir á einu ári.

2. Stundað bóklegt nám í rafmagnsfræði, lært undirstöðuatriði um segulmagn og rafmagn, myndun þess og aðferðir til að framleiða með því hita, ljós og hljóð.

3. Stundað í radiotækni 100 stunda verklegt og bóklegt nám um hljóðmyndun, lært undirstöðuatriði radiófræðinnar, um gerð hljóðfilmunnar, hljóðtækjanna og myndun hljóðsins um meðferð hljóðlampa og „fotosellna“, um meðferð og stilling magnara og viðgerðir á algengustu bilunum þessara tækja og um aðgreining hljóðtrufflana, sem orsakast af magnara og skemmdum filmum.

Þegar nemandi byrjar framangreint nám skal hann vera fullra 19 ára og hafa lokið gagnfræðaprófi.

Að loknu námi skal nemandi ganga undir próf hjá nefnd þriggja manna, sem ráðherra skipar.

14. gr.

Sá einn hefur réttindi til þess að veita kennslu í því sem um getur í 1. lið 13. gr., sem hlotið hefur meistaráréttindi sýningarmanna.

Til þess að öðlast meistaráréttindi skal sýningarmaður hafa lokið prófi samkvæmt 13. gr. og síðan unnið óslitið sem sýningarmaður í 2 ár. Hafi starfið verið stundað slitrótt, þannig að heilt ár eða lengri tími hafi fallið úr, skal samanlagður starfstími vera að minnsta kosti 3 ár, áður en sýningarmaður getur öðlast meistaráréttindi.

Starfstíma þessum skal sýningarmaður ljúka í kvikmyndahúsi, sem fullnægir ákvæðum 15. gr.

Þeir, sm nú starfa við sýningar og öðlast rétt sýningarmanna samkvæmt 12. gr., þurfa ekki að ljúka prófi samkvæmt 13. gr., til þess að öðlast meistaráréttindi.

15. gr.

Verklega kennslu samkvæmt 1. lið 13. gr. má einungis veita í kvikmyndahúsi, sem notar 2 vélar til sýninga og sýnir að minnsta kosti sjö 1½ til 2 stunda sýningar á viku hverri.

49

12. marz

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 24 7. maí 1928, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. marz 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Stjórnartíðindi 1947, B. 7.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1947.

Lög um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936, undirskrifuð af forsetanum 28. marz 1947, nr. 21.

Lög um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 22.

Lög um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 23.

Lög um breyting á lögum nr. 93, 28. des. 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947, undirskrifuð af forsetanum 31. marz 1947, nr. 24.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvisitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á visitöluna, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 25.

Lög um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, undirskrifuð af forsetanum 14. apríl 1947, nr. 26.

Lög um breyting á lögum nr. 84/1932, um bifreiðaskatt o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 27.

Lög um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 28.

AUGLÝSING

um gjald af innlendum tollvörutegundum.

50

14. apríl

Með því að forseti Íslands hefur í dag staðfest lög um breyting á lögum nr. 60 frá 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, auglýsist hér með, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laganna til þargreindrar hækkunar á framgreindu gjaldi.

Fjármálaráðuneytið, 14. apríl 1947.

Jóhann P. Jósefsson.

Magnús Gíslason.